

5. gr.

Heimaþjónusta sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1983 skal greidd eftir gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. janúar 1983

Nr. 12

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Gerðarhreppi í Gullbringusýslu
nr. 19 7. janúar 1980.**

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast tvisvar á ári þ. e. 1. apríl og 1. október í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

5. janúar 1983

Nr. 13

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Hveragerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðis fer með stjórn heimilisþjónustu í Hveragerði.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum, aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða, sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gilda.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni og ákveður hvaða form skuli vera á umsóknnum um heimilisþjónustu.

Heimilispjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð og umönnun við aldraða, sem ekki geta séð um sig sjálfir, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur en ella í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkráhúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd skal ganga úr skugga um að menn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf, sem lokið hafa tilskildum námskeiðum.

Starfsmenn skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni og er skylt að undirgangast lækni skoðun og bólusetningar ef þess er talin þörf.

4. gr.

Starfsmenn heimilispjónustu taka laun hjá Hveragerðishreppi og skulu um launakjör gilda samningar milli Hveragerðishrepps og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslu eða gjafir frá þeim sem fá aðstoð. Skylt er starfsmönnum að gæta þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

5. gr.

Sá sem heimilispjónustu nýtur ber jafnframt fjárhagslega áhættu af því tjóni, er hann verður fyrir og starfsmaður er vinnur í hans þágu á vegum heimilispjónustunnar kann að valda við störf sín.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða samkvæmt gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpin.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem máli skiptir í þessu efni.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðis staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, með síðari breytingum, um heimilishjálp í viðlögum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.